



Erindisbréf

Stjórn fagdeildar stjórnenda LSS

Stjórn skipar eftirfarandi aðila í stjórn fagdeildar stjórnenda Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna til tveggja ára:

Stjórn fagdeildar stjórnendamanna skipa:

Formaður Ólafur Stefánsson, olafurst@akureyri.is s: 893 4479

Varaformaður Sverrir Haukur Grönli, haukur@babubabu.is s: 864 6364

Ritari Ingimar Eydal, ingimar.eydal@simnet.is s: 862 2173

Sameiginlegt netfang fagdeildar slökkviliðsmanna: stjorar@lsos.is

Gildistími skipunar: September 2020 – apríl 2022.

Hlutverk stjórnar fagdeilda:

Hjá LSS eru starfandi þrjár fagdeildir: Fagdeild stjórnenda, fagdeild sjúkraflutningamanna og fagdeild slökkviliðsmanna. Kosið er sérstaklega um formann og á aðalþingi LSS(2.gr). Hann tilnefnir varaformann, gjaldkera og ritara til stjórnar LSS til samþykktar. Að öðru leyti skiptir hún með sér verkum. Stjórn starfar eftir samþykktum reglum fagdeildar stjórnenda.

Fagdeildir hafa rétt til að álykta um sín sérstöku málefni með þeim hætti er þær kjósa sér, til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Ákvarðanir deilda mega ekki ganga gegn stefnu eða ákvörðunum félagsins. Telji stjórn LSS að ákvarðanir eða samþykktir einstakra deilda fari í bága við stefnu eða ákvarðanir félagsins, getur stjórnin tekið málið fyrir á stjórnarfundi og úrskurðað að ákvarðanir eða samþykktir deilda séu ógildar.

Hlutverk stjórnar fagdeildar stjórnenda er eftirfarandi:

- Að vera stjórn LSS til ráðgjafar um alla þá þætti er varðar málefni stjórnenda, önnur en kjaramál.
- Að efla fræðslu og kynningu um fagleg málefni og önnur þau atriði er varðað geta hagsmuni stjórnenda innan LSS ásamt því að vinna að aukinni starfsmenntun og starfsþjálfun þeirra.
- Að stuðla að aukinni þekkingu stjórnenda innan LSS um almenna stjórnunarhætti.
- Að stuðla að bættu skipulagi um menntun, öryggi og störf stjórnenda innan LSS.
- Í lok hvers almanaksárs ber stjórn fagdeildar að skila skýrslu til stjórnar LSS þar sem gert er grein fyrir starfsemi hennar.
- Að veita ríki og sveitarfélögum aðhald um að fylgja eftir lögum og reglugerðum í rekstri slökkviliða og sjúkraflutningum.
- Að stuðla að bættu rekstrarumhverfi rekstaraðila og sýna frumkvæði í þeim efnum.

Fagdeild hefur að leiðarljósi siðareglur, reglur fagdeildar, önnur lög og reglugerðir sem LSS hefur sett eða starfar eftir.



Starfshættir

Formaður fagdeildar ber ábyrgð á boðun funda. Fundarboðun skal vera bréflæg eða rafræn og send öðrum nefndarmönnum og framkvæmdastjóra LSS, eigi síðar en fjórum sólarhringum fyrir fund. Fundað skal svo oft sem þurfa þykir. Fagdeild heldur gerðarbók og skilar fundargerðum til stjórnar LSS. Fagdeildir geta sett sér ítarlegri samþykktir, en þær mega þó ekki fara í bága við lög LSS. Formaður félagsins, og aðrir fulltrúar stjórnar, eiga rétt á að sækja fundi í deildum félagsins með málfrelsi og tillögurétt.

Vonast er til að stjórn fagdeildar stjórnenda skili eftirfarandi árangri:

- Sé góður málsvari og samnefnari stjórnenda innan LSS.
- Vera öflugur málsvari stjórnenda í faglegri umræðu við hagsmunaaðila.
- Tryggi að nýjungar og þróun á málefnasviði stjórnenda um stjórnun og nýjustu straumar í mannauðsstjórnun skili sér til hagsmunaaðila.
- Stuðla að bættu öryggi og aðbúnaði hjá félagsmönnum LSS.
- Að vinna að aukinni heilsuvitund félagsmanna og fyrirbyggjandi aðgerðir á sviði heilsueflingar og sjúkdóma.

Fjármál

Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna er með sjálfstæðan rekstur og er fjármagnað með iðgjöldum frá félagsmönnum. Fagdeildir LSS tilheyra undir rekstur LSS þar sem því að skila inn starfsáætlun til stjórnar LSS. Fagdeildum LSS er heimilt að sækja um til stjórnar LSS fjárstuðning vegna fræðslu og útbreiðsluverkefna. Öll fjárútlát þarf að vinna í nánú samstarfi við framkvæmdastjóra LSS. Ekki er greitt fyrir stjórnarsetu þar sem um sjálfboðaliðastarf er að ræða en allur útlagður kostnaður er greiddur.

Tengiliður skrifstofu : Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri.
Guðrún Hilmarsdóttir, skrifstofustjóri.

Reykjavík, 3. nóvember 2020

Magnús Smári Smáráson
Formaður

Bjarni Ingimarsson
Varaformaður